

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hefur innanríkisráðuneytið staðfest samkomulag Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar frá 19. nóvember 2015 um breytingu á mörkum sveitarfélaganna, samanber samþykkt borgarráðs frá 22. október 2015 og samþykkt bæjarráðs Mosfellsbæjar frá 19. nóvember 2015.

Færsla staðarmarkanna er samkvæmt eftirfarandi mælipunktum í hnitaskrá samkvæmt lands-
hnitakerfinu ISNET-93 eins og sýnt er á uppdraetti sem er fylgiskjal samkomulagsins, en við breyt-
inguna flytjast alls 1.645 m² inn fyrir staðarmörk Mosfellsbæjar:

Nr.	Austur	Norður
11	369648.4313	406714.2360
50	369667.4234	406766.7279
51	369625.7504	406738.3580
52	369689.8988	406742.3717

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 16. desember 2015.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Hermann Sæmundsson.